

Örnefni - Gagnalýsing

Útgáfa 1.0



Landmælingar Íslands

2021-09-01

Efnisyfirlit

Örnefni - Gagnalýsing	1
1. Ágrip	3
1.1. Um gögnin	3
1.2. Orðskýringar	3
2. Umfang	4
3. Auðkenning	5
4. Efni og efnistöð	5
4.1. Almennar reglur	5
4.2. Fitjutegundir	5
4.3. Fitjueigindir – tafla	5
5. Gæði	8
6. Uppruni – heimildir	8
7. Viðhald gagnanna	9
8. Myndræn framsetning	9
8.1. Kerfi nafnbera	9
8.2. Birtingarkvarði	9
9. Miðlun gagnanna	10
9.1. Almennir skilmálar	10
10. Lýsigögn	10

1. Ágrip

Titill	Örnefni - Gagnalýsing
Dagsetning	2021-06-09
Ábyrgðaraðili	Landmælingar Íslands Stillholt 16-18, 300 Akranes + 354 430 9000 Netfang: lmi@lmi.is Veffang: http://www.lmi.is

1.1. Um gögnin

Hér er lýst gögnum sem afhent eru úr örnefnagrunni Landmælinga Íslands, en um hann gilda lög um örnefni nr. 22/2015. Um er að ræða örnefni á landi, landgrunni og hafsvæði út að 200 mílna landhelgi Íslands. Gagnalýsingunni er ætlað að auðvelda notkun og túlkun gagnanna sem miðlað er úr örnefnagagnagrunninum. Lýst er fitjutegundum og eigindum sem lýsa eiginleikum og einkennum örnefnanna.

Lýsigögn um örnefni eru skráð í [Lýsigagnagátt](#) og er skörun á milli upplýsinga sem þar er að finna og gagnalýsingarinnar, en í gagnalýsingunni eru nákvæmari upplýsingar um örnefnin, t.d. fitjutegundir, eigindir og geometríu svo eitthvað sé nefnt.

Allir hafa aðgang að gögnunum og nýttast þau jafnt almenningi, stofnunum og fyrirtækjum. Hægt er að nálgast gögnin í opnum fitju- og kortaþjónustum Landmælinga Íslands, <http://gis.lmi.is/geoserver/web/>. Einnig á niðurhalssíðu stofnunarinnar: <https://www.lmi.is/is/landupplýsingar/gagnagrunnar/nidurhal>

Gagnalýsing þessi er sett fram í samræmi við íslenskan og alþjóðlegan staðal ÍST EN ISO 19131:2007 um gagnalýsingar fyrir landupplýsingagögn og eftir atvikum í samræmi við aðra staðla í sömu staðlaröð frá tækninefnd TC211 hjá ISO (International Standard Organisation). Til hliðsjónar var einnig gagnalýsing fyrir landfræðileg heiti (Geographical names) úr INSPIRE tilskipun Evrópusambandsins, D2.8.1.3 Data Specification on Geographical Names – Technical Guidelines og byggir hún einnig á fyrrnefndri ISO staðlaröð TC211 tækninefndarinnar.

1.2. Orðskýringar

Hér fyrir neðan listi yfir helstu orð, hugtök og skammstafanir sem notaðar eru í þessari gagnalýsingu ásamt enskri þýðingu til að auðvelda samanburð við hliðstæða framsetningu í öðrum löndum. Skýringar hugtakanna eru teknar úr ISO stöðlum á sviði landupplýsinga og lögum þar sem það á við.

Fitja	Fitja er líkan af náttúrulegu eða manngerðu fyrirbæri sem á staðsetningu eða umfang á jörðinni.
Fitjueigind	Fitjueigind er eiginleiki eða einkenni fitju.
Fitjutegund	Flokkur raunfyrirbrigða (real world phenomena) sem búa yfir sömu eiginleikum.
Fitjuskrá	Fitjuskrá inniheldur skilgreiningar og lýsingar á fitjutegundum, fitjueigindum og tengingum fitja (feature association) ásamt hvers konar fitjuvirkni.
Flákar	Afmörkun svæðis sem örnefni á við um, þegar það á við, t.d. holt, vatn, tún, mýri, háls o.s.frv. og númer örnefnis er í eigindatöflu.
Gagnasafn	Samsafn gagna um tiltekið efni, skipulagt í samræmi við tiltekið kerfi þar sem lýst er einkennum gagnanna og venslum milli samsvarandi eiginda þeirra.
Gagnagrunnur	Skipulagt kerfi til að geyma tölvuskráð gögn um tiltekið efni, skipa þeim niður eftir innbyrðis venslum, vinna úr þeim og heimta þau.
Landupplýsingar	„Gögn og upplýsingar sem tengjast stað á, í eða yfir jörðu, hvort heldur með hnitum eða auðkenni, t.d. staðfang eða póstnúmer.“ (Lög um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar nr. 44/2011)
Línur	Línur eru teiknaðar ef fyrirbærið sem örnefni á við um myndar línu í landslaginu, er lækur, á, gil o.s.frv og númer örnefnis er í eigindatöflu.
Lýsigögn	„Upplýsingar um gögn og/eða þjónustu eða lýsing einkenna gagnasafna, svo sem innihalds, eiginleika eða ástands.“ (Lög um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar nr. 44/2011)
Punktur	Punktur eru teiknaðir ef fyrirbæri sem örnefni á við um er lítið eins og foss, klettur, rústir o.s.frv. og númer örnefnis í eigindatöflu.
Örnefnagrunnur	„...miðlægur gagnagrunnur sem inniheldur örnefni og gögn tengd þeim.“ (Lög um örnefni nr. 22/2015)
Staðfang	„...lýsir landfræðilegri staðsetningu, svo sem aðkomu að mannvirki, lóð eða áfangastað. Í staðfangi eru fólgnar upplýsingar um nafn, númer og hnit. Staðfang er tegund örnefnis.“ (Lög um örnefni nr. 22/2015)

2. Umfang

Gögnin innihalda örnefni sem eru á landi, landgrunni og hafsvæði út að 200 mílna landhelgi Íslands. Um er að ræða örnefni sem eru til í dag en líka örnefni staða og fyrirbæra sem eru ekki lengur til staðar og eru þá orðin áhugaverð í sögulegu samhengi.

3. Auðkenning

Titill	Örnefni
Landfræðilegt umfang	Haf og land innan 200 mílna landhelgi.
Tilgangur	Gagnalýsingunni er ætlað að auðvelda notkun og túlkun gagnanna sem miðlað er úr Örnefnagagnagrunni sem haldið er utan um hjá Landmælingum Íslands. Allir hafa aðgang að gagnagrunninum og nýtist hann jafnt almenningi, stofnunum og fyrirtækjum.

4. Efni og efnistöð

4.1. Almennar reglur

Nöfn fitjutegunda og eiginda í þessari gagnalýsingu eru í samræmi við tilmæli í ISO 19103, þ.e. innihalda ekki séríslenska stafi, tákn eða stafabil.

- Nöfn fitjueiginda sem samsett eru úr mörgum orðum eru mynduð með því að steypa saman orðunum án bils með fyrsta staf í seinna orði hástaf en aðra stafi lágstafi (t.d. gildirTil).
- Nöfn fitjutegunda sem eru samsettar úr mörgum orðum lúta sömu reglum og nöfn fitjueiginda nema að því leyti að í nöfnum fitjutegunda er fyrsti stafur einnig hástafur (t.d. ornefniPunktur).

4.2. Fitjutegundir

Í fitjuskránni eru skilgreindar þrjár fitjutegundir: **örnefni punktar, örnefni línur og örnefni flákar**. Allar fitjueigindir er sameiginlegar nema geometrían og því er fitjueigindum bara lýst einu sinni í töflunni hér fyrir neðan. Allar fitjutegundirnar eru fjölfitjur (e. multi features).

4.3. Fitjueigindir – tafla

Fitjueigindir	
Eigind: ornefni	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining	„...nafn, orð eða orðasamband, á landfræðilegum punkti, línu eða svæði sem hægt er að setja á landakort og vísar til eins ákveðins staðar innan ákveðins samfélags; lands, héraðs, sveitabæjar, þéttbýlisstaðar, húss, götu, torgs, vegar, fjalls, dals, stöðuvatns, fjarðar, hafsvæðis, skers, miðs o.s.frv.“ (Lög um örnefni nr. 22/2015)
Eigind: tvínefni	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining	Í mörgum tilfellum ber fyrirbæri fleiri örnefni en eitt. Stundum er um að ræða að fyrirbæri beri sitthvort heiti séð frá mismunandi stað. Í sumum tilfellum hefur orðið framburðarbreyting í gegnum árin og stundum hafa ábúendur byrjað að kalla fyrirbæri öðru nafni en það var áður kallað. Dæmi um tvínefni er t.d. Þrætuholmi, tvínefni er Ystihólmi. Í örfáum tilfellum eru þrjú örnefni eða fleiri og eru þau öll skráð með kommu á milli, dæmi Stekkjarblettir. Einnig þekkt sem Ytriblettir, Heimriblettur, Blettir.

Eigind: nafnberiKenni	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining	Kenni nafnbera, þ.e. þrjár heiltölur aðgreindar með punkti. Dæmi 1.1.6 eða 2.1.10. Nafnberi er fyrirbæri sem ber nafn (örnefni). Eigindin nafnberiKenni (líka nafnberi) er notuð til að tilgreina hvers konar fyrirbæri ber örnefnið. Á bak við fitjueigindina nafnberiKenni (líka nafnberi) er nafnberakerfi sem er byggt á stigskiptri og númeraðri flokkun, þ.e. yfirflokkum og undirflokkum. Yfirflokkarnir eru fimm, undirflokkar eru 15 og nafnberar eru 235. Kenni nafnberanna eru skráð hér. Flokkar nafnbera , ásamt skilgreiningum nafnbera örnefna eru á heimasíðu Landmælinga Íslands .
Eigind: nafnberi	
Gerð	Textastrengur
Skilgreining	Heiti nafnbera, t.d. „Foss“, „Fjall“ eða „Fjörður“. Nafnberi er fyrirbæri sem ber nafn (örnefni). Eigindin nafnberi (líka nafnberiKenni) er notuð til að tilgreina hvers konar fyrirbæri ber örnefnið. Á bak við fitjueigindina nafnberi (líka nafnberiKenni) er nafnberakerfi sem er byggt á stigskiptri og númeraðri flokkun, þ.e. yfirflokkum og undirflokkum. Yfirflokkarnir eru fimm, undirflokkar. Tegund nafnberanna eru skráð hér. Flokkar nafnbera , ásamt skilgreiningum nafnbera örnefna eru á heimasíðu Landmælinga Íslands .
Eigind: tilvist	
Gerð:	Texti (er til / ekki til)
Skilgreining	Tilvist segir til um hvort fyrirbærið sé til eða hvort það var til (er horfið). Dæmi um örnefni fyrirbæris sem ekki er til: t.d. örnefni sem eru undir Háslóni, örnefni sem eru farin undir landfyllingar. Rústir sem eru ekki sjáanlegar.
Eigind: ornefnalýsing	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining	Ítarefni um örnefnið og lýsing á fyrirbærinu, útskýring á örnefninu, ef um slíkt er að ræða. Upplýsingar koma frá heimildarmönnum og úr heimildum, s.s. nafnid.is
Eigind: heimild	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining	Heimildaskráning, t.d. númer loftmynda, númer kortblaða, örnefnaskráning, skýrslur GPS mælinga, heimildarmenn o.fl. Notendur geta haft samband við Landmælingar Íslands vegna nánari upplýsinga um heimildir.
Eigind birtingarkvardi	
Gerð:	Heiltala
Skilgreining	Birtingarkvarðinn er tillaga um mælikvarða sem skilur milli þess hvort örnefnið er sýnilegt eða ekki í algengum birtingarmyndum, t.d. á kortum eða í vefsjá.

Eigind: ornefnaflokkur	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining	Örnefnaflokkar auðvelda leturval við kortagerð. Flokkunin lýsir því hvort um er að ræða örnefni á landi, í sveit eða þéttbýli, vatni, sjó eða á jökli. Einnig segir flokkunin til um stærð fyrirbærisins í landslaginu.
Eigind: ornefnaflokkurKenni	
Gerð:	Heiltala
Skilgreining	Kenni fyrir eigindina ornefnaflokkur.
Eigind: gagna eigandi	
Gerð	Textastrengur
Skilgreining	Aðili sem á fitjuna og sér um viðhald á henni.
Eigind: dagsInnsetningar	
Gerð	Dagsetning
Skilgreining	Segir til um hvenær fitjan var færð inn í gagnasafnið.
Eigind: dagsLeidrettingar	
Gerð	Dagsetning
Skilgreining	Segir til um hvenær fitjunni var síðast breytt.
Eigind: dagsUppfaerslu	
Gerð:	Dagsetning
Skilgreining	Segir til um hvenær fitjan var síðast útgefin. Felur ekki endilega í sér breytingu á fitjunni.
Eigind: gagnasafn	
Gerð	Textastrengur
Skilgreining	Segir til um hvaða gagnasafni gögnin tilheyra.
Eigind: uuid	
Gerð	Textastrengur (uuid)
Skilgreining	Einkvæmt kenni sem fylgir fyrirbærinu, ef því er breytt þá breytist kennið ekki.
Eigind: id	
Gerð	Heiltala
Skilgreining	Einkvæmt kenni fyrir hverja fitju.


Eigind: geom

Gerð Geometría

Skilgreining Fjölpunktar, fjöllínur og fjölflákar.

5. Gæði

Upplýsingarnar í gagnagrunninum hafa ekkert lögformlegt gildi. Samkvæmt örnefnalýsingum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er áætlað að u.þ.b. 500.000 örnefni séu til á Íslandi. Í maí 2021 var lokið við skráningu á rúmlega 140.000 örnefnum í örnefnagrunninum. Allir dálkar í eigindatöflum eru útfylltir nema tvínefni, dagsetning leiðréttingar og örnefnalýsing og er ástæðan sú að ekki er alltaf ástæða til að skrá þessar upplýsingar. Þéttleikakortið sýnir fjölda skráðra örnefna á reitum sem eru 10x10 km, frá 1 til 10 örnefna og allt upp í 1000 – 2151 örnefna á hverjum reiti.



Myndin var búin til í maí 2021.

6. Uppruni – heimildir

Í 4. gr. í lögum um landmælingar og grunnkortagerð nr. 103/2006 segir að eitt af verkefnum Landmælinga Íslands sé skráning og viðhald örnefna í samráði við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Í lögum um örnefni nr. 22/2015 segir m.a. að eitt af hlutverkum örnefnanefndar sé að veita rökstutt álit um örnefni vegna birtingar í opinberum örnefnagrunni.

Landmælingar Íslands halda utan um stafrænan gagnagrunn fyrir örnefni. Örnefni eru hnitúð inn í gagnagrunn ofan á loftmyndir, gervitunglamyndir og landhæðalíkön svo eitthvað sé nefnt. Upplýsingar um örnefni koma úr örnefnalýsingum, af kortum, úr bókum og frá heimildarmönnum utan stofnunar.

7. Notendum er bent á að senda athugasemdir um gögnin og ábendingar sem varða örnefnasöfnun almennt til lmi@lmi.is. Viðhald gagnanna

Stöðugt er unnið er að því að bæta gögnin og er unnið úr athugasemdum og ábendingum í samvinnu við nafnfræðisvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Formlegar útgáfur eru gefnar út fjórum sinnum á ári, þá er hægt að nálgast ný gögn á niðurhalssíðu Landmælinga Íslands og lýsigögn uppfærð í Lýsigagnagátt. Gögn á Geoserver (WMS og WFS þjónustur) eru uppfærð vikulega.

8. Myndræn framsetning

Hefð er fyrir því að birta ekki geometríu örnefna heldur einungis örnefnin sjálf, þ.e. gögnin eru birt án útlína, einungis staðtengdur texti. Mjög auðvelt er að birta gögnin með því að nota gildi úr eigindadálkunum og láta þá t.d. leturgerð, lit og stærð ráðast af nafnbera:

- nafnberiKenni
- nafnberi
- birtingarkvardi
- ornefnaflokkur

8.1. Kerfi nafnbera

Á bak við fitjueindirnar nafnberiKenni og nafnberi er nafnberakerfi sem er byggt á stigskiptri flokkun, þ.e. yfirflokkum og undirflokkum. Þemun eru fimm:

1. Samfélag
2. Manngerð svæði
3. Yfirborðsvatn
4. Haf
5. Landmótun og gróður

Undirþemu eru 15 og nafnberar eru 235. Dæmi:

Þema	Undirþema	Skilgreining nafnbera	Nafnberi	Skilgreining	Nafnberi kenni
		Svæði, sem ekki er þéttbýli, með skilgreind mörk.			
Samfélag	Dreifbýlissvæði og óbyggðir.		afréttur	Heiðaland sem bændur nota sameiginlega sem sumarhaga handa búfé.	1.1.1
			byggðarkjarni	Þéttbýlt svæði í dreifbýli.	1.1.2
			sveit	Hérað.	1.1.3
			þjóðlenda	Landsvæði utan eignarlanda. Einstaklingar eða lögaðilar geta átt takmörkuð eignarréttindi.	1.1.4
			sumarbústaða-hverfi	Svæði þar sem sumarbústaðir standa í þyrpingu.	1.1.5
			veiðistaður	Staður úti í á, vatni eða við strönd, hentugur til veiða og er þekktur sem slíkur af veiðimönnum.	1.1.6

8.2. Birtingarkvarði

Landmælingar Íslands veita aðgengi að örnefnum í gegnum skoðunarþjónustur þar sem búið er að útbúa útlit á gögnin og örnefni birtast í samræmi við skráðan birtingarkvarða hvernar fitju. Gögnin eru líka aðgengileg í gegnum niðurhalsþjónustu sem veitir aðgang að hrágögnum þar sem notandinn getur sjálfur

valið hvort og þá hvernig hann nýtir birtingarkvarða við myndræna framsetningu örnefnanna. Birtingarkvarði er ákvarðaður út frá stærði fyrirbæra. Stórir flákar birtast strax í litlum mælikvarða á meðan punktar birtast í stórum mælikvarða. Hér er dæmi um hvernig örnefni eru birt í vefsíðu:



9. Miðlun gagnanna

Hægt er að nálgast örnefnagagnagrunninn í opnum korta- og fitjuþjónustum hjá Landmælingum Íslands: <http://gis.lmi.is/geoserver/web/>. Einnig er hægt að nálgast þau á niðurhalssíðu stofnunarinnar: <https://www.lmi.is/is/landupplýsingar/gagnagrunnar/nidurhal>. Á niðurhalssíðu má velja eftirfarandi gagnasnið: GeoPackage, Shapefile, GeoJSON, GML og PDF. Hægt er að velja milli nokkurra hnitakerfa.

9.1. Almennir skilmálar

Opin gögn Landmælinga Íslands eru gefin út skv. [Creative Commons Attribution 4.0 International License](https://creativecommons.org/licenses/by/4.0/). Það þýðir í grófum dráttum að nefna þarf Landmælingar Íslands, heiti gagnasafns og tíma sem gögn voru sótt (dæmi: Inniheldur gögn frá IS 50V gagnagrunni Landmælinga Íslands frá 12/2020).

10. Lýsigögn

[Lýsigögn fyrir örnefnagagnagrunn Landmælinga Íslands](https://www.lmi.is/is/landupplýsingar/gagnagrunnar/nidurhal) eru skráð í Lýsigagnagátt. Í lögum um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar (nr. 44/2011) er kveðið á um að stjórnvöld skuli skrá lýsigögn fyrir stafrænar landupplýsingar og vefþjónustu sem þau eiga, reka eða varðveita. Lýsigögn eru skráð í Lýsigagnagátt: <https://gatt.lmi.is/> sem Landmælingar Íslands halda utan um.